

## AUGLÝSING

### um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið, að tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2011 skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að lágmarki 0,6 á hvert ærgildi greiðslumarks á lögbylí. Ákvörðun þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2011 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárefirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2011.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 2010.*

F. h. r.  
**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Arnór Snæbjörnsson.*